


PASSIUSÁLMARNIR.

Gleymio ekki passíusálmunum hans Hallgríms Péturssonar. Lesið þá og syngið úr þeim. Það eru bestu sálmarnir, sem við eigum til.



TIL GAMANS.

Hinrik litli (sex ára gamall): „Mamma, eg vildi eg væri tvíburi.“

„Því þá það, barnið mitt?“

„Sérðu, mamma! Þá væri hægt að senda annan helminginn í skólann, en hinn gæti farið niður að ánni og fiskað.“

Einu sinni kom lítill drengur í skólann, og var óhrein um hendurnar. Kennarinn ávitaði hann fyrir það, og sagði við hann: „Pétur litli, þú átt að þvo þér áður en þú ferð að heiman. Hvað myndir þú segja, ef eg kæmi í skólann með óhreinar hendur?“

„Eg myndi hreint ekki segja neitt“—svarar drengur; „því eg skifti mér aldrei af því, sem mér kemur ekki við.“

Hann vissi það. — Kennarinn: „Heyrðu mig, góðurinn minn litli! Þú getur sagt mér, hvað klæði er? — Úr hverju er Treyjan þín búin til?“ — Hans litli: „Treyjan mín? Nú, hún er búin til úr buxunum hans pabba míns.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „Sam.“ á Íslandi.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.